

Sp.

426. Fyrirspurnir.

[161. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um kostnað vegna verndar hugverka o. fl.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

1. Hve miklar gjaldeyristekjur hafa íslenska þjóðarbúinu hlotnast frá öðrum löndum fyrir þýðingarrétt íslenskra bóka og flutningsrétt íslenskra tónverka og leikrita, síðan Ísland gekk í Bernarsambandið?
2. Hversu mikið fé hefur ríkisútvarpið greitt erlendum réttareigendum fyrir flutningsrétt erlendra hljómlistar og erlendra leikrita og skáldsagna á sama tíma?
3. Hversu mikið fé hefur þjóðleikhúsið greitt fyrir hið sama?
4. Hversu mikinn erlendan gjaldeyri hafa gjaldeyrisfyrirvöldin veitt bóka- og blaðaútgefendum á sama tíma til greiðslu fyrir þýðingarrétt erlendra bóka og blaðagreina?
5. Hversu mörgum beiðnum um sams konar gjaldeyrisleyfi hafa gjaldeyrisfyrirvöldin synjað á sama tíma?

II. Til ríkisstjórnarinnar um lán til sementsverksmiðju.

Frá Gils Guðmundssyni.

Hvað hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar í því skyni að afla lánsfjár til byggingar sementsverksmiðju?

Hverjar vonir standa til þess, að nauðsynlegt fé fái, svo að byggingarframkvæmdir geti hafizt?

III. Til ríkisstjórnarinnar um rannsókn á greiðslugetu atvinnuveganna.

Frá Gils Guðmundssyni.

Hefur ríkisstjórnin látið framkvæma rannsókn þá á greiðslugetu og afkomu atvinnuvega þjóðarinnar, sem samþykkt var í sameinuðu Alþingi 17. des. 1952 að fram skyldi fara og lokið fyrir 1. nóv. 1953?

Sé rannsókn þessari lokið: Hver varð í megindráttum niðurstaða hennar?

Sé rannsókninni enn ekki lokið: Hvenær má vænta þess, að henni ljúki og gerð verði grein fyrir niðurstöðu hennar?